

## Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um aðkeypta  
þjónustu hjá Samkeppniseftirlitinu.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hvaða einstaklingum eða lögaðilum hafa verið falin verkefni af hálfu Samkeppniseftirlitsins sem kunnáttumönnum eða eftirlitsmönnum til að fylgja eftir skilyrðum í samrunamálum og sáttum, sbr. svar ráðherra á þskj. 878 á yfirstandandi löggjafarþingi? Óskað er upplýsinga um nöfn aðila, tímabil og greiðslur til hvers aðila árin 2012–2023.
2. Hefur Samkeppniseftirlitið keypt þjónustu þegar mál eru á rannsóknarstigi? Óskað er upplýsinga um fjölda tilvika, nöfn aðila, hvers konar þjónusta var keypt og greiðslur til hvers aðila árin 2012–2023.

Skriflegt svar óskast.